

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

77. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2023

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Magnús S. Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála
 - Fjárhagsstaða er samkvæmt áætlun.
- Þróun launa
 - Lagt fram skjal um þróun launa og er hún samkvæmt áætlun.
- Útköll
 - Lagðar fram upplýsingar um fjölda útkalla hjá BS. Fjölgun er á útköllum miðað við fyrri ár.
- Fræðsla
 - Jón kynnti fyrir stjórn þá eldvarnafræðslu og kennslu sem hefur verið á borði Brunavarna Suðurnesja á árinu og hefur hún margfaldast í fjölda og hefur svona fræðsla mikil og góð áhrif út í samfélagið.
- Kaup á körfubíl
 - Stjórn BS veitir stjórnendum bs heimild til að heimsækja Emergency ONE í Glasgow í því skyni að undirbúa kaup á nýjum körfubíl.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra

Starfsemi í Grindavík:

Vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað í og við Grindavík, höfum við ekki getað haldið úti óbreyttri starfsemi sjúkraflutninga í Grindavík, engu að síður eru okkar starfsmenn á fullum launum samkvæmt því vaktaplani sem unnið var eftir. Þeir tveir

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvelliir 33, 230 Reykjanesbæ.

starfsmenn sem voru komnir í fulla vinnu hafa fengið það svigrúm sem þeir þurfa til þess að huga að sínu fólki og leyfi til þess að mæta til vinnu þegar þeir hafa tök á.

Ég geri ráð fyrir að starfsemi okkar í Grindavík muni komast í eðlilegt horf um leið og ástandið skánar og fólk fær leyfi til þess að flytja heim.

Vinna við okkar húsnæði í Grindavík var á loka metrum en stöðvaðist vegna jarðhræringa og rýmingar í Grindavík, ég geri ráð fyrir að um leið og fært verðu munum við ljúka við þær framkvæmdir, þannig að sú starfsstöð verði tilbúin þegar hægt verður að hefja vinnu við sjúkraflutninga í Grindavík.

Gestir :

Vegna atburða í Grindavík og flutnings viðbragðsaðila þaðan, tókum tímabundið við búnaði slökkviliðs Grindavíkur og Björgunarsveitarinnar Þorbjarnar ásamt búnaði Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra.

Slökkvilið Grindavíkur og björgunarsveitin Þorbjörn hafa fengið húsnæði að Stapabraut 1 í Njarðvík og flutt þangað megnið af sínum búnaði.

Aðgerðarstjórnstöð:

Vegna þeirra jarðhræringa sem verið hafa í Grindavík hefur verið gríðarlegt álag á aðgerðarstjórnstöðina og slökkvistöðina alla, á tímabili var mikill fjöldi fólks í stjórnstöðinni, þá var og hjá okkur fjöldi fréttamanna.

Þegar við byggðum slökkvistöðina og aðgerðarstjórnstöðina var að sjálfsögðu gert ráð fyrir að það yrði talsverð notkun á stjórnstöðinni, en þá í skemmri tíma í hver skipti, ég hygg að ekki hafi hvarflað að nokkrum manni að slíkir atburðir sem standa yfir í Grindavík yrðu staðreynd, en það hefur komið í ljós við þetta gríðarlega álag hversu vel tókst til við hönnun og byggingu slökkvistöðvarinnar, en í því sem verið hefur, er sú aðstaða sem við höfum byggt upp lykilatriði í því að skipuleggja og framkvæma þær aðgerðir sem verið hafa í gangi.

Vinna vegna jarðhræringa í Grindavík:

Við höfum ásamt slökkviliðum víða af landinu komið að vinnu í Grindavík og höfum við verið með fjölda starfsmanna á vettvangi og í aðgerðarstjórn.

Dregið hefur verið úr viðbragðsáætlun og hefur hún verið færð af neyðarstigi niður í hættustig, samhliða hafa reglur um aðgengi í Grindavík verið rýmkaðar.

Ég hef gert samkomuleg við slökkviliðsstjóra Grindavíkur um að bakka slökkvilið Grindavíkur upp vegna mögulegra útkalla, einnig erum við með mannaðan sjúkrabíl staðsettan í Grindavík á þeim tíma sem vinna fer þar fram.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

7. Önnur mál.

Stjórn BS vill sérstaklega þakka starfsmönnum Brunavarna Suðurnesja fyrir frábært starf og velvilja vegna ástandsins í Grindavík. Það er mikill fjársjóður í mannauði Brunavarna Suðurnesja.

Ákveðið hefur verið að bjóða öllu starfsfólki Slökkviliðsins í Grindavík ásamt mökum til jólafagnaðar starfsmanna BS þann 2. desember nk.

Jón kynnir fyrir stjórn samantekt á búsetu í atvinnuhúsnæði á svæði Brunavarna Suðurnesja sem eldvarnaeftirlitið hefur tekið saman.

Fundi slitið kl.